

Nd.

714. Nefndarálit

[95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fjórum fundum. Kirkjumálaráðherra hefur komið á fund hennar og einnig varaformaður kirkjuráðs, prófessor Ásmundur Guðmundsson. Enn fremur hefur formaður nefndarinnar átt viðræður við biskup um málið eftir heimkomu hans 16. þ. m. Hjá þessum aðilum hafa verið skiptar skoðanir. Ráðherrann hefur lagt áherzlu á, að málið gengi fram á þessu þingi. Biskup og kirkjuráð telja nauðsynlega gagngera endurskoðun á löggjöfnni um skipun prestakalla, áður en framkvæmd sé niðurlagning einstakra prestakalla, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eftir ýtarlegar umræður í nefndinni náðist samkomulag um málið á þeim grundvelli, að nefndin mælir með afgreiðslu þess með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó koma ákvæði þeirra um fækkun prestakalla ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1952; þá koma þau til framkvæmda jafnóðum og prestaköll losna. Prestaköll, sem leggja skal niður samkvæmt lögum þessum, skulu ekki auglýst til umsóknar fyrir 1. janúar 1952.

2. Við bráðabirgðaákvæði bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal nú þegar efna til endurskoðunar á löggjöfnni um skipun prestakalla, og skal kostað kapps um að ljúka endurskoðuninni svo fljótt, að frv. um heildarskipun prestakalla verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Við þá endurskoðun skal hafa náið samband við biskupinn yfir Íslandi, kirkjuráð, Prestafélag Íslands og prestastefnu.

Alþingi, 19. febrúar 1951.

Gunnar Thoroddsen,
form., frsm.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr.

Kristín L. Sigurðardóttir.

Gísli Guðmundsson.

Ásmundur Sigurðsson.